

Reykjavík, 22. janúar 2020

Varðar: Beiðni um að Verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands vinni úttekt eða umsögn um svæðið Vonarskarð

Erindi svæðisráðs vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs (VJP) til Verkfræði- og náttúruvísindasviðs, dags. 26. ágúst 2019, var áframsent til formanns stjórnar Líf- og umhverfisvísindastofnar þar sem rannsóknir stofnunarinnar eru á þeim sviðum sem tilgreind eru í bréfinu, þ.e. á landslagi og gildi þess, víðernum, aðgengi ferðamanna og þolmörkum svæða og öryggismálum tengd ferðabjónustu. Anna Dóra Sæþórsdóttir prófessor í ferðamálafræði fundaði í framhaldinu með Magnúsi Guðmundssyni framkvæmdastjóra VJP og Heiðu Guðnýju Ásgeirsdóttur formanni svæðisráðs vestursvæðis og formaður stjórnar hefur rætt við Heiðu og Magnús.

Í bréfi VJP er þess farið á leit að „stofnunin vinni úttekt eða veiti umsögn um svæðið Vonarskarð“. Í beiðninni er skirskotað til „þeirra grunnverkefna sem stofnunin ber ábyrgð á samkvæmt lögum“. Rétt er að taka fram að Háskóli Íslands og undirstofnanir hans hafa ekki lögbundnar skyldur eða hlutverk hvað þetta varðar. Í samtali við fulltrúa VJP hefur komið fram að þjóðgarðurinn hyggist ekki greiða fyrir úttekt eða umsögn.

Líf- og umhverfisvísindastofnun bendir í svari sínu á þrennt:

Í fyrsta lagi er mikill munur á úttekt eða umsögn. Líf- og umhverfisvísindastofnun skilur úttekt sem niðurstöðu faglegrar vinnu sem byggist á sérstökum vísindalegum gögnum. Stofnunin telur ljóst af bréfi VJP að fyllsta tilefni sé að ráðast í úttekt á náttúru, landslagi, víðernum og þolmörkum Vonarskarðs en það verður tæplega gert nema veitt sé fjármunum sérstaklega til slíks verkefnis.

Starfsmenn Líf- og umhverfisvísindastofnunar eiga ýmis gögn sem safnað hefur verið í öðrum rannsóknaverkefnum (að hluta til í samstarfi við aðila utan stofnunarinnar) og sem gætu nýst við úttekt á Vonarskarði. Þetta á m.a. við sjónrænt mat á landslagi í Vonarskarði, sérstöðu þess og samanburði við annað landslag. Slíkum gögnum var safnað í hinu íslenska landslagsverkefni. Það þyrfti hins vegar að fara í nokkuð umfangsmikla endurvinnslu á gögnunum til að taka Vonarskarð út sérstaklega. Þá eru til dálítill gögn um ferðamenn í

Nýjadal á Sprengisandsleið en ekki Vonarskarði sérstaklega og þyrfti því að fara í gagnasöfnun og sjálfstæða rannsókn á því sviði.

Tilfni beiðni Vatnajökulsþjóðgarðs eru álitamál varðandi náttúruverndagildi Vonarskarðs. Í bréfinu er aðeins vísað til landslags, víðerna og ferðamennsku. Líf- og umhverfisindastofnun bendir á að lífríki Vonarskarðs gæti haft mjög hátt verndargildi. Rannsóknir sem unnar voru fyrir 2. áfanga rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúrusvæða sýndu fram á fjölbreytni og verulega sérstöðu hitakærra örvera á háhitasvæðum í Vonarskarði. Snædís Huld Björnsdóttir, örverufræðingur og dósent við Líf- og umhverfisvísindadeild hefur nýlega hafið ítarlegar rannsóknir á hitakærum örverum og vistkerfi þeirra í Vonarskarði. Þá verður að telja líklegt að gróður í Vonarskarði hafi hátt verndargildi vegna þess hversu hátt yfir sjó er að finna samfelld gróðurlendi, t.d. votlendi vestan Deilis í yfir 940 m hæð. Beit búfjár hefur líklega verið lítil sem engin og vistkerfi Vonarskarðs hljóta að teljast meðal þeirra minnst snortnustu á landinu. Í bréfi VJP kemur fram að umhverfis- og auðlindaráðherra vilji tryggja enn betur verndun viðkvæmra svæða í Vonarskarði. Háhitasvæðin og grónu votlendin í Vonarskarði eru einstaklega viðkvæm og á þeim hafa verið unnin ljót spjöll með umferð vélknúinna farartækja, bæði bíla og fjallahjóla. Líf- og umhverfisindastofnun telur mikilvægt að leggja mat á vistfræðileg og líffræðilega sérstöðu Vonarskarðs í úttekkt á verndargildi og verndarflokkun svæðisins.

Af þeim gögnum sem fyrir liggja má þannig ætla að Vonarskarð hafi mikla sérstöðu vegna landslags, víðerna, upplifunar og útivistar, lífríkis og vistfræði. Verndargildi svæðisins er líklega mjög hátt. Jafnframt er lífríki svæðisins ákaflega viðkvæmt og vélknúin ökutæki hafa valdið þar spjöllum sem líklega verða sýnileg næstu áratugi.

Innan Líf- og umhverfisvísindastofnunar eru a.m.k. fjórir starfsmenn sem unnið hafa að rannsóknum í Vonarskarði: á landslagi og víðernum (Þóra Ellen Þórhallsdóttir prófessor), hitakærum örverum og vistkerfum þeirra (Snædís Huld Björnsdóttir dósent), á vatnalífi í volgum lækjum (Gísli Már Gíslason prófessor) og á ferðamennsku (á nærliggjandi svæðum, Anna Dóra Sæþórsdóttir prófessor). Innan stofnunarinnar eru vísindamenn á fleiri sviðum sem tengjast mati á náttúruverndargildi Vonarskarðs (fuglum, smádyrum, flóru og gróðri). Líf- og umhverfisvísindastofnun er því vel í stakk búin til að taka að sér úttekkt á Vonarskarði svo framarlega sem fjárveiting fæst til slíkra rannsókna. Við erum reiðubúin í umræður um slíkt samstarf og verkefni.

Með góðri kveðju,

f.h. Líf- og umhverfisvísindastofnunar,



Þóra Ellen Þórhallsdóttir, formaður stjórnar